Alþingi
Erindi nr. Þ 139/633
komudagur 2.12.2010

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, þskj. 298 – 256. mál**

BSRB tekur ekki afstöðu til þess hvort málefni fatlaðra séu á verksviði ríkis eða sveitarfélaga. Við flutning málaflokksins verður hins vegar að tryggja að nægir fjármunir fylgi svo neytendur þjónustunnar líði ekki fyrir skipulagsbreytingar. BSRB leggur áherslu á að starfsmenn geti valið hvort þeir tilheyri stéttarfélögum bæjar- eða ríkisstarfsmanna. Svo var gert þegar verkefni færðust frá sveitarfélögum til ríkisins árin 1989 og 1990 og BSRB telur að sömu reglur eigi að gilda nú þegar verkefni færast í hina áttina. Þá leggur BSRB ríka áherslu á að störfum í málaflokknum fækki ekki við flutninginn.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri


Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is